



Fundarboð

Þór Eysteinnsson

Dósent í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands heldur fyrirlestur á vegum
Vísindafélags Íslendinga í Norræna húsinu
miðvikudaginn 25. janúar 2006, kl. 20:00

Rannsóknir á raflífeðlisfræði sjónu augans

Í þessu fyrirlestri verður fjallað um rannsóknir á starfsemi sjónu spendýra, þar á meðal manna. Sérstök áhersla verður á rannsóknir fyrirlesara á rafvirkni taugafruma í sjónu. Þær athuganir hafa beinst að hlutverki einstakra frumugerða í sjónhimnu, taugaboðefna í sjónhimnu, og tengslum við sjónhimmurit (electroretinogram, ERG). Sjónhimmurit er notað til að meta ástand sjónhimnu í hinum ýmsu augnsjúkdómum, en einnig í dýramódeljum af hrörnun augnbotna vegna stökkbreytinga í erfðaefni, auk grunnrannsókna á starfsemi sjónu augans. Raktar verða niðurstöður úr athugunum á sjónskynjun músa með stökkbreytingar á *microphthalmia* geninu, en breytingar í vefjum augans í þessum dýrum eru mjög sérhæfðar. Jafnframt verður rætt um niðurstöður athugana á áhrifum lyfja, er verka á viðtaka fyrir taugaboðefni í sjónu, á sjónhimmurit dýra og manna. Til viðbótar verður lýst niðurstöðum athugana á “íslenskum” hrörnunarjúkdómi í augnbotnum, arfgengri sjónu- og æðuvisnun. Varpað verður fram almennum ályktunum um raflífeðlisfræði sjónu augans út frá öllum þessum niðurstöðum. Ennfremur um notagildi og takmarkanir ERG sem aðferðar til að rannsaka starfsemi sjónunnar.

Fundurinn er öllum opin. Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti. Kaffistofa Norræna hússins verður opin að fundi loknum. Gjörið svo vel að hengja þessa auglýsingu upp á vinnustað þar sem við á.